

98

18. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941,
um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „fyrir árslok 1947“ í 1. gr. laganna komi: fyrir 1. júlí 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

99

18. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

2. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skip-

aðir kennarar, þrír kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar 99
eftir þörfum.

13. des.

Laun fastakennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

100

23. des.

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands, bankastjóri o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 67 28. des. 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.